

# Opnunartími um hátíðirnar

Desember er mánuður jólanna. Þá gerum við okkur glaðan dag og beinum huganum til þess Krists sem fæddur var í heiminn að veita ljósi inn í hjörtu mannanna. Vegna þessa verður breyttur opnunartími í Klúbbnum Geysi og eru félagar hvattir til þess að kynna sér hann. Sjá hér fyrir neðan:

**Lokað** verður dagana 24. til 28. desember.

**Opnum aftur** 29. desember.

**Lokað** verður 31. desember og 1. janúar (nýársdag).

Mætum öll glöð og hress 2. janúar.

Göngum til móts við árið 2004 jákvæð og bjartsýn.



## Fram undan í desember

**Föstudaginn 5. desember** verður árlegt jólahlaðborð Klúbbsins Geysis. Það hefst klukkan 19:00 og kostar 500 kr. fyrir manninn.

**Laugardaginn 13. desember** ætlum við að ganga niður Lauga-veginn og anda að okkur jóla-stemmingunni. Leggjum af stað kl. 13:00 frá Skipholti 29.

**Mánudaginn 22. desember** kl. 13:00 ætlum við að halda litlu jólin. Allir koma með litla pakka og við fáum okkur smákökur og kakó.

## Vefsíða Geysis

Í haust hefur verið unnið við endurbætur á vefsíðu Klúbbsins Geysis. Reynt hefur verið eftir föngum að hafa hana uppfærða og nú birtist matseðill vikunnar á síðunni hvern föstudag. Einnig er það sem fram-undan er í næsta mánuði sett á síðuna. Félagar eru hvattir til að nota síðuna til að fylgjast með því sem er að gerast í klúbbnum. Sérstaklega er bent á vefútgáfu **Litla Hvers** sem birt er á vefnum strax og lokið hefur verið við útgáfu hans. Á næstunni er ráðgert að setja upp síðu fyrir tengla, styrktaraðila og sölusíðu fyrir jólakort. Hugmyndir um endurbætur og nýtt efni á vefsíðuna eru vel þegnar og bent er á netfang klúbbsins sem er á forsiðunni.

Klúbburinn Geysir er opinn alla virka daga frá kl. 09.00 - 16.00, nema föstudaga er lokað kl. 15.00. Fyrsta fimmtudag hvers mánaðar er opið til kl. 21.00

11. tölublað, nóvember 2003



# KLÚBBURINN GEYSIR

BYGGT Á OG REKIÐ SAMKVÆMT ALÞJÓÐLEGRÍ  
HUGMYNDAFRÆÐI **FOUNTAIN HOUSE**

## Litli Hver



Laugardaginn áttunda nóvember sl. héldu nokkrir félagar og starfsfólk í Klúbbnum Geysi út í Viðey. Ráðsmaðurinn í eyinni tók mjög vel á móti hópnum og fræddi féлага um merka viðburði sem þar höfðu átt sér stað. Síðan var gengið austur á eyinna. Kaffi var drukkið í Viðeyrastofu, en að því loknu haldið til lands eftir vel heppnaða ferð.

Klúbburinn Geysir, Skipholti 29, 105 Reykjavík Sími 551-5166  
Netfang: [geysir@heimsnet.is](mailto:geysir@heimsnet.is) Veffang: [www.kgeysir.is](http://www.kgeysir.is)

## Vel heppnaður afmælis- og innflutningsfagnaður

Afmælis- og innflutningsfagnaður Geysis var haldinn 30. október sl. og tókst með miklum ágætum. Fjöldi gesta mætti til veislunnar og munu allt að 130 manns hafa mætt til veislunnar Geysis þetta kvöld. Formaður stjórnar hélt ræðu og félagi sagði frá reynslu sinni af veru sinni í Geysi. Mikil tónlist var flutt og er þó ekki á neinn hallað, þó að fullyrt sé hér að Geysisbandið, Keli og kiðlingarnir hafi slegið í gegn. Hér má sjá nokkrar stemningsmyndir úr veislunni.



## Lítill jóla hugvekja



Nú þegar svartasta skammdegið fer í hönd og undirbúningur jólahátíðarinnar verður með hvað mestum hveli er rétt að minna á inntak jólahátíðarinnar og kærleiksboðskap Jésúbarnsins. Það er auðvelt að láta gleppjast af gylliboðum markaðshyggjunnar og falla fyrir freistingum ágengra auglýsinga. Njótum hátíðarinnar með gleði í hjarta. Við óskum félögum og starfsfólki gleðilegrar hátíðar og vonum að allir finni gleðina í brosi hvítvoðungsins frá Betlehem.

## Leonardo áætlunin: Menntunar- og atvinnutækifæri fyrir alla

Þann 14. nóvember síðastliðinn fóru þau Trausti og Kristín Björg á ráðstefnu um menntunar- og atvinnumál sem haldin var á vegum Leonardo-deildar Evrópusambandsins á Íslandi. Efni ráðstefnunnar var sérstaklega miðuð við þarfir fatlaðra og hvernig unnið er að bættum möguleikum þeirra til menntunar og atvinnuþátttöku. Leonardo áætlunin styrkir verkefni eins og *mannaskipti* en í gegnum þau hafa félagar og starfsmenn klúbbsins farið og starfað hjá öðrum klúbbshúsum erlendis. Einnig styrkir áætlunin rannsóknarverkefni sem varða starfs- og námstækifæri. Ljóst er að fram undan eru aukin tækifæri fatlaðra! Sjá nánar á: [www.leonardo.is](http://www.leonardo.is)

Starfsfólk og félagar okkar frá **Enggárden** klúbbum á Jótlandi komu í heimsókn til okkar 22. nóvember sl. og gistu í klúbbum okkar. Hópurinn hafði verið í þriggja vikna þjálfun í Genesisklúbbum í Massachusetts í Bandaríkjunum og ákváðu að kíkja við hjá okkur á leiðinni yfir hafið Þetta var hress og líflægur hópur eins og danskra er vandi. Þau fóru ásamt nokkrum félögum í ferð á Þingvöll, Gullfoss og Geysi og



Frá vinstri: Tage, Edel, Lisbet, Lars og Isabel

## Danskir frændur og vinir í heimsókn

var farið í Bláa Lónið, þar sem svamlað var í mjúku vatni og eðkásil. Það var reglulega ánægjulegt að kynnast þessum félögum okkar og við þökkum þeim fyrir komuna, gjafir og árnaðaróskir.

## Kaffibar settur á laggirnar

Um miðjan nóvember var kaffibar settur á laggirnar innan klúbbsins sem er staðsettur í setustofunni á annarri hæð. Þar fást gosdrykkir, ávextir, sælgæti og kaffi á kostnaðarverði. Opið er frá 9:30-15:30, sem sagt nánast allan opnunartíma klúbbsins. Kaffibarinn er mjög verkefnaskapandi, t.d. vegna innkaupa, uppgjörs, bókhalds og afgreiðslu. Hann myndar einnig ákveðna stemmningu og huggulegheit. Fólk getur sest niður við barinn og spjallað. Við vonum að allir félagar njóti góðs af honum.



Kári og Bára huga að viðskiptum dagsins.

## Húsfundir!

Húsfundir eru haldnir tvisvar í viku, mánudaga kl. 09:30 og miðvikudaga kl. 13:00. Ef félagar vilja hafa áhrif og koma sjónarmiðum sínum á framfæri eru húsfundir rétti vettvangurinn til að taka þátt í mótun starfsins.

**Allir að mæta!!!**